



Svar við fyrirspurn af 62. fundi umhverfis og heilbrigðisráðs, mál nr. 5.

Heilbrigðisnefnd, Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu, um öryggisúttekt á leiktækjum í umsjá og eigu Reykjavíkurborgar:

Umhverfis- og heilbrigðisráð samþykkir að heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar láti framkvæma öryggisúttekt á öllum leiktækjum í umsjá og eigu Reykjavíkurborgar. Sérstaklega verði horft til öryggi tækjanna við ákveðnar veðuraðstæður í vetrarveðrum. Þá er lagt til að bætt verði úr án tafar þar sem öryggi leiktækjanna er ábótavant. Enn fremur skal skoðað ofan í kjölinn alvarlegt atvik, sem átti sér stað við Korpuskóla, 30. nóvember síðastliðinn. Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkurborgar verði falið að skila skýrslu til ráðsins hið fyrsta, bæði vegna úttektar og atviksins við Korpuskóla.

Vísað til umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Um öryggi á leiksvæðum gildir reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim. Rekstraraðili ber ábyrgð á að fara eftir ákvæðum reglugerðarinnar. Rekstraraðili skal m.a. hafa innra eftirlit sbr. viðauka III í reglugerðinni. Innra eftirlit greinist í reglubundna yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og aðalskoðun:

Reglubundna yfirlitsskoðun getur þurft að framkvæma daglega allt eftir notkun og álagi á leiksvæðinu og tilgangur hennar er að greina strax hættur sem geta stafað af skemmdarverkum, notkun, sliti eða veðrun.

Rekstrarskoðun felst í verklegri yfirferð, viðhaldi og viðgerðum og gæti þurft að framkvæma hana á 1-3 mánaða fresti eftir notkun og álagi.

Aðalskoðun er ástandsskoðun sem ætlað er að gera heildarúttekt á öryggi leikvallatækja, framkvæmd af faggiltum aðila.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur reglubundið eftirlit með leiksvæðum í borginni. Alls eru þetta um 45 grunnskólalóðir, 95 leikskólalóðir, 260 opin leiksvæði eða alls um 400 svæði. HER hefur farið árlega á öll leiksvæðin og gert kröfur um úrbætur eftir tilefni. Reynsla HER er að USK sem er sá aðili sem sér um viðhald og endurbætur, bregst fljótt og vel við öllum ábendingum sem varða öryggismál á leiksvæðum.

Í því tilviki sem vísað er til í fyrirspurninni er um að ræða nýtt tæki sem skv. upplýsingum sem HER hefur fengið, uppfyllir allar kröfur og var sett upp skv. leiðbeiningum framleiðanda eins og ber að gera. HER var ekki kallað til þegar umrætt óhapp átti sér stað og getur því ekki metið aðstæður á þeim tíma. Í frétt af atvikinu er vísað til viðtals við Herdísí Storgård sem fengin var sem álitsgjafi og taldi hún að atvikið hefði ekkert með tækið að gera heldur væri um ranga notkun að ræða. HER tekur undir það og bendir á mikilvægi þess að dagleg yfirlitsskoðun fari fram, sem væri fyrirbyggjandi í tilvikum sem þessum. Þar sem skólalóðir eru einnig opin leiksvæði þegar skólatíma lýkur er ekki hægt að koma í veg fyrir ranga notkun utan skólatíma. Það er því ekkert sem bendir til þess að innra eftirliti hafi verið ábótavant í þessu tilviki. Aðalskoðun fór fram á öllum skóla- og leikskólalóðum s.l. sumar og hefur HER aðgang að niðurstöðum hennar.

11. febrúar 2022

R.M.